



5. fundur í aðalstjórn Aftureldingar, þriðjudaginn 19. nóvember 2019.

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Aftureldingar kl. 18.00

Mættir stjórnarmenn:

Birna Kristín Jónsdóttir (BKJ), Krístrún Kristjánsdóttir (KK), Sigurður Rúnar Magnússon (SRM), Geirarður Long (GL), Gunnar Skúli Guðjónsson (GSG), og Erla Edvardsdóttir (EE)

Mættir starfsmenn:

Jón Júlíus Karlsson (JJK), framkvæmdarstjóri og Hanna Björk Halldórsdóttir (HBH), íþróttafulltrúi

Dagskrá:

1. Deildarfundir

Deildarfundirnir gengur í heild sinni vel. Einhver endurnýjun mun eiga sér stað í sunddeildinni á næstunni.

Blakdeildin kemur á fund í vikunni.

2. Forsögn verkefnalýsingar vegna framtíðarskipulags að Varmá

Fundur með Mosfellsbæ þann 20. nóvember þar sem ræða á breytingar á verkefnalýsingunni; félagsaðstaða, skrifstofuaðstaða, styrktar/líkamsræktaraðstaða.

3. Jafnrétti

Kallað verður eftir því að deildirnar sendi íþróttafulltrúa og framkvæmdastjóra fréttir úr starfi sínu svo hægt sé að setja þær inn heimasíðu félagsins. Gæta þarf þess að jafnrétti sé milli fréttu deilda, allar deildir virkar og jafnræði milli fréttu úr karla- og kvennastarfi.

4. Önnur mál

Fjárhagsstaða handknattleiksdeildar, mfl.kvk. rædd. Aðalstjórn kemur til með að boða deildina til fundar þar sem öllum verður gerð grein fyrir stöðu mála og framhaldið rætt.

Formaður knattspyrnudeildar hefur óskað eftir fundi með Aðalstjórn til að ræða uppsetningu ráða.

Innleiðing Sideline hefur gengið nokkuð vel. Sumar deildir fóru strax af stað meðan aðrar taka sér lengri tíma.

Valdmarr Gunnarsson framkvæmdastjóri UMSK kom með erindi á fundinn varðandi stefnumótun sem þeir hafa verið að vinna að sem varðar ráðgjöf og þjónustu til íþróttafélaga til að nýta krafta aðildarfélaga UMSK við að efla lýðheilsu í samstarfi við sveitarfélögin.

Punktur sem voru ræddir:

- Hlutfall íbúa sem eru að æfa íþróttir – hvar viljum við vera? UMSK setur sér það markmið að árið 2022 séu 40% íbúa að æfa íþróttir.



- Hreyfing almennt að minnka og sjúkdómar að aukast.
- Fækkun í hefðbundnum íþróttum í löndunum í kringum okkar. Hvernig ætlum við á Íslandi að bregðast við?
- Rafíþróttir – hvað viljum við þar?
- Íþróttaveisla 2020, 26.-28.júní – Rætt hvort við hjá Aftureldingu hefðum áhuga á að taka þátt í þessu verkefni. Þarna verður t.d. hlaup (hindrunarhlaup) þar sem fjölskyldur skrá sig saman og hlaupa hring þar sem leysa þarf 21 þraut á leiðinni. Leikskólum boðið að koma og fara ákveðna leið þar sem þau munu hitta hinar ýmsu þektu persónur t.d. Rauðhettu og úlfinn o.fl. á leiðinni. Fyrirtækjaboðhlaup – dönsk fyrirmynd. 5 í liði hver hleypur 5km. Partýtjöld á leiðinni. UMSK hefur sett sér það markmið að 2500 taki þátt og þessi viðburður verið annað hvert ár.
- Nýta okkur rannsóknir frá Rannsókn og greiningu gerir á hverju ári sem segir að íþróttaiðkun er besta forvörnin og við þurfum að nýta okkur þetta vopn meira.
- 55% barna í Mosfellsbæ á aldrinum 6-18 ára séu að æfa íþróttir hjá Aftureldingu.

Fundi slitið kl.19:55

Erla Edvardsdóttir ritaði fundargerð.